



Nefndasvið Alþingis  
Atvinnuveganefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Þingborg 3. maí 2012

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar, 727. mál**

Á fundi sveitarstjórnar Flóahrepps 2. maí 2012 var lagt fram erindi frá nefndasviði Alþingis dags. 25. apríl 2012 þar sem óskað er eftir umsögn vegna tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, 727. mál.

Meirihluti sveitarstjórnar Flóahrepps ítrekar fyrri bókun sveitarstjórnar sem samþykkt var samhljóða í sveitarstjórn þann 7. september 2011 um þáverandi þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða. Þar er Alþingi hvatt til þess að afgreiða málið með þeim hætti að um grundvöll að sátt um málefnið geti verið að ræða.

Það er mikilvægt að ekki verði vikið frá þeirri faglegu vinnu sem verkefnið var sett á stofn um. Markmiðið með þeirri vinnu var að ná fram sátt að stefnu meðal landsmanna um vernd og orkunýtingu virkjanakosta í vatnsafli og jarðvarma. Ef nú á lokaspretti þeirrar vinnu fari Alþingi að gera málið að pólitísku þrætuefni er hætta á að verið sé að vinna skemmdaverk á því sem búið er að leggja í verkefnið. Ef ekki næst sæmileg sátt um afgreiðslu málsins er viðbúið að sífellt verði reynt að gera breytingar á áætluninni.

Varðandi virkjanir í Neðri-Þjórsá sem í fyrirbyggjandi tillögu eru færðar úr nýtingarflokk í biðflokk, á grundvelli nýrra upplýsinga um fiskistofna í ánni og lífsskilyrði þeirra, er bent á að alltaf hefur verið gengið út frá því að þau mál þurfi að rannsaka betur. Það er eitt af þeim skilyrðum sem sett hafa verið í afgreiðslu og úrskurði um umhverfismat Urriðafossvirkjunar.

Þó virkjunarkostir verði samþykktir í nýtingarflokk ber að líta svo á að ekki sé verið að gefa afslátt af þeim skilyrðum sem búið er að setja svo hægt sé að virkja. Þetta á einnig við um allt skipulagsferli og umhverfismat sem virkjanakostir allmennt eiga eftir að fara í gegnum áður en hægt er að ráðast í framkvæmdir.

Það er ekkert sem kallar á að færa virkjanir í Neðri-Þjórsá í biðflokk á grundvelli nýrra upplýsinga. Allt sem fram kemur í rökstuðningi með framlagðri tillögu að þingsályktun hefur verið bent á áður. Lífsskilyrði laxfiska var eitt af viðfangsefnum umhverfismats virkjananna. Mótvægisáðgerðir og rannsóknarskylda liggur fyrir. Skilyrði fyrir

Urriðafossvirkjun eru að hægt verði tryggja áframhaldandi lífskilyrði fyrir laxfiska í ánni eftir að búið er að virkja.

Virðingarfyllst,  
f.h. sveitarstjórnar

  
Margrét Sigurðardóttir, sveitarstjóri

